

Umhverfis Skarðsmýrarfjall

Á fyrri hluta þessarar aldar var Kolviðarhóll einn þekktasti staður landsins. Þar áttu leið um, allir þeir, sem ferðuðust um Helligheiði, fjölmargir þáðu þar gistingu og annan beina. Nú eröldin önnur. Háreista, glæsilega húsið er horfið og grunnur þess jafnaður við jörð. Túnið þýfður sinuflóki, og einu ummerki þess liðna, er grafreitir síðustu gestgjafanna, sem byggðu þennan stað. Hann stendur fyrir sunnan bæjarhólinn og er vitni um það þrek og þrautseygju er þeir bjuggu yfir, sem hér lifðu og störfuðu.

Við hefjum ferð okkar umhverfis Skarðsmýrarfjall héðan frá Hólnum og því komumst við ekki hjá því, að rifja örlítið upp minningar frá liðinni tíð, um leið og við leggjum af stað í gönguna.

Við tókum stefnuna á Helligskarðið, sem er milli Stórareykjafells og Skarðsmýrarfjalls. Um skarðið hefur vegurinn austur um Helligheiði legið frá öndverðu (smbr. Kjalnesingasögu), allt þar til akvegurinn var lagður vestan við Stórareykjafell á síðari hluta 19. aldar. Uppi á skarðsbrúninni köstum við mæðinni um stund og lítum til baka. Útsýnið hefur fríkað nokkuð og við sjáum vestur yfir Svínahraunið, þar sem það hefur runnið í áttina að Kolviðarhóli og Húsmúlanum, ofan á grónu, eldra hrauni. Vísindamenn hafa bent á að hluti Svínahrauns geti hafa runnið um árið 1000 og austasti þess sé það hraun sem sagan segir að hafi stefnt í átt að Hjalla í Ölfusi þá daga, sem skipt var um trúarbrögð á Aþingi það ár.

Frá Helligskarði tókum við stefnuna austur með Skarðsmýrarfjalli. Þessi hluti leiðarinnar er sléttur undir fæti, því ökuslóðir liggja meðfram fjallinu, færar flestum bílum, enda eiga margir leið hér um vegna skálanna sem reistir hafa verið inn með fjallinu austanverðu. Hérna er hraun undir fæti, því eldstöðvar eru margar á þessum slóðum og hefur hraun frá þeim runnið upp að fjallshlíðinni. Forfeður okkar völdu sér gjarnan veg um landslag líkt og þetta því milli hrauns og hlíðar eins og hér, er landið ofast slétt, sandorpið og greiðfært yfirferðar. Þetta er forn leið og var fjölfarin fyrrum milli Grafnings og byggðarinnar við Faxaflóa.

Við þokumst áfram og nálgumst austurhorn Skarðsmýrarfjalls. Þar rennur Hengladalaáin fram. Hún á upptök í suðurhlíðum Hengils og í Innstadal, fellur síðan um svonefnd Þrengsli, meðfram Litla-Skarðsmýrarfjalli og suður á Kambabrun. Þaðan rennur hún í þröngu gili og í fögrum fossum niður í Reykjadal og framhjá Hveragerði. Heitir hún þá Varmá. Við skulum ganga að ánni við Þrengsli og skoða gljúfrin, sem hún hefur myndað þar, en síðan höldum við upp með henni og inn í Innstadal.

Innstadalur er luktur fjöllum að mestu. Fyrir botni hans gnæfir Hengillinn, en í suðurátt opnast hann um þröngt skarð, á milli Sleggju og Skarðsmýrarfjalls. Áður en við höldum út dalinn, skulum við ganga upp að hverunum, sem eru innst í dalnum. Þetta eru kröftugir hverir og stígur gufan hátt í loft upp í kyrru veðri. Örskammt í norðvestur frá stærsta gufuhvernum er hár móbergsklettur móti vestri. Ofarlega í honum er hellir og grastó lítil þar fyrir framan. Ekki er fært þangað upp nema fyrir góða klettamenn. Þessi hellir á sína sögu, því þar hafa fundist leyfar af grjóthleðslu og nokkuð af dýrabeinum. Bendir allt til þess, að einhverntíman fyrir á tímum hafi dvalið hér maður eða menn í felum, því þetta er hið besta fylgsni. Engar kunnar heimildir eru þó til um slíkt.

Frá hverunum röltum við í rólegheitum suður dalinn því ekkert liggur á.. Hér er friðsælt og sumarlagurt, grasivaxnar, gróðursælar grundir og slétt undir fæti. En innan stundar stöndum við í efstu brún skarðsins og framundan er brekkan ofan í

Sleggjubeinsdal. Við skulum staldra við um stund og setjast niðu áður er lagt er af stað í síðasta áfangann. Framundan sjáum við Hólinn, Svínahraunið og fjöllin og fellin vestan við það, sem ástæðulaust er að nefna hér, því kortið skýrir það allt út.

Ef bjart er veður og skyggni gott er sjálfgefið að leggja smá lykkju á leiðina, skreppa upp á Skarðsmýrarfjallið eða Sleggjuna. Þetta eru frábærir útsýnisstaðir og ferðin þangað upp margborgar sig.

(Mbl. 5. júní 1980)